

# Meðferð í nýrnasteinbrjóti í svæfingu

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

## Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi (þarf ekki að vera tært) til miðnættis. Eftir miðnætti má einungis drekka tæra drykki þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrir en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

## Meðferðardagur

Mæta á í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð.

Meðferðin er gerð í svæfingu og tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Að lokinni meðferð fer sjúklingur á dag- eða göngudeild fram að útskrift.

## Útskrift

### Verkir

Nota má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að taka verkjalyf og minnka magn vökva sem drukkin er því hann getur aukið verkina. Þegar verkur er liðinn hjá má drekka eins og áður.

### Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

### Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

### Vinna

Ráðlegt er að hvílast meðferðardaginn.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Leita þarf á bráðamóttöku í Fossvogi ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir meðferð:**

- Hiti er hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.